

Alþingi
Erindi nr. P 139/407
komudagur 25.11.2010

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 24. nóvember 2010

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Athugasemdir Samtaka fjármálafyrirtækja við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp og vilja koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Um 2. gr.

2. mgr. 2. gr.: Í ákvæðinu er tilvísun til 4. gr. vaxtalaga en sú tilvísun er ekki nægilega nákvæm. *Lagt er til að vísað verði til 1. málsl. 4.gr. vaxtalaga.*

4. mgr. 2. gr.: Gera verður athugasemdir við fortaklausa skyldu til að setja verðtryggt lán (ef skuldari velur það eftir útreikning) í greiðslujöfnun. Þetta er í mótsögn við valrétt skuldara samkvæmt lögum um greiðslujöfnun þar sem skuldari getur sagt sig frá greiðslujöfnun. Auk þess má færa fyrir því rök, að eftir niðurfærslu lánsins séu forsendur með öllu brostnar fyrir áframhaldandi greiðslujöfnun. Þá má benda á, að ef skuldari velur að taka óverðtryggt lán á hann ekki rétt á greiðslujöfnun. SFF telja rétt að annað hvort verði ákvæðið fellt brott eða að það gildi bæði fyrir verðtryggð og óverðtryggð lán. Þá er rökrétt að niður falli ákvæði um hámarkslengingu erlendra lána í greiðslujöfnun um þrjú ár, sbr. samkomulag frá 31. október 2009. Að vísu er þar ekki um lagasetningu að ræða, en hugsanlega ætti að víkja að meðferð erlendra lána að þessu leyti í lögskýringargögnum.

6. mgr. 2. gr.: Í ákvæðinu segir að við endurgreiðslur til lögaðila sé kröfuhafa heimilt að taka tillit til allra lánsviðskipta þeirra á milli og draga frá ávinning sem lögaðili kann að hafa haft vegna ólögðra vaxta og verðtryggingarákvæða. SFF telja lögfestingu slíks ákvæðis jákvæða en benda á að ákvæðið gefur ekki skýra leiðbeiningu um hvernig uppgjóri við lögaðila skuli hátað. Ekki er skýrt hvað tilvísun til „allra lánsviðskipta“ er ætlað að á ná langt aftur í tímann. Þannig er t.d. óljóst hvort að endurreikna beri bæði uppgreidd lán og lán sem eru enn í greiðsluferli. Athugasemdir við ákvæðið gefa heldur ekki nægilega skýra leiðbeiningu um túlkun ákvæðisins en þar segir m.a. að því sé ætlað að takmarka óeðilegan ávinning fyrirtækjanna af ólöglegum gengistryggðum lánnum og draga hann frá endurgreiðslum á sambærilegum lánnum sem urðu óhagstæð miðað við íslensk krónulán, þegar gengi krónunnar féll. Ekki er skýrt hvað átt er við með tilvísun í „sambærileg lán“. Æskilegt er að lögjafinn veiti frekari leiðbeiningar um framangreind atriði.

9. mgr. 2. gr.: Málsliðurinn mælir fyrir um að ákvæði 18. gr. vaxtalaga skuli eiga við, eftir því sem við á, aðra aðila, sem og ábyrgðarmenn, sem innt hafa að hendi greiðslur fyrir skuldara. Ákvæðið er óframkvæmanlegt í núverandi mynd. Fjármalafyrirtæki er ómögulegt að vita hvort annar en skuldari hafi greitt afborgun af láni. Óvissa um hvort að þriðji aðili muni gera kröfu um endurgreiðslu getur leitt til þess að tregða myndist við útgreiðslu oftekins fjár og er það ekki skuldurum til hagsbóta. Það kann þó að vera eðlilegt að ábyrgðarmaður sem greitt hefur af láni fyrir skuldara geti gert endurkröfu á fjármalafyrirtæki en þá er að sama skapi eðlilegt að hann þurfi að tilkynna fjármalafyrirtækinu um að hann ætli að gera slíka kröfu innan tiltekins tíma. Í þessu sambandi er bent á bráðabirgðaákvæði b (XI.) sem gerir ráð fyrir slíkri meðferð máls. Hins vegar er með öllu ómögulegt fyrir fjármalafyrirtæki að ganga úr skugga um hvort aðrir en ábyrgðarmenn hafi greitt af láni. Lagt er til að ákvæðið verði endurskoðað með þetta í huga.

10. mgr.: Ranglega er vísað til 7. og 8. mgr. í stað 8. og 9. mgr.

Um 3. gr.

Bráðabirgðaákvæði a. (X): Gildissvið ákvæðisins er nokkuð þröngt afmarkað við húsnæðislán til neytenda, nánar tiltekið til skuldbindinga sem falla undir skilyrði ákvæðis B-liðar 68. gr. laga um tekjuskatt eða m.ö.o. á ákvæðið að taka til lána sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á húsnæði til eigin nota. SFF geta ekki fullyrt að aðildarfyrirtæki samtakanna muni vera samþykkt því að framangreind íbúðalán falli undir gildissvið ákvæðisins. Afstaða til þessa þáttar er alfarið ákvörðun hvers fyrirtækis fyrir sig sem byggja þarf á viðskiptalegum forsendum. Að þessu sögðu er þó rétt að benda á að fjármalafyrirtækjum er ómögulegt að vita í hvaða tilgangi lán var tekið og hafa ekki tök á því að kalla eftir skýringum með fullnægjandi hætti frá lántökum. Því er lagt til að gildissvið ákvæðisins verði víkkað nokkuð þannig að það taki til lána til neytenda sem tryggt var eða er með fasteignaveði í lögheimili lántaka. Hins vegar þykir rétt að þak verði sett á fjárhæð þeirra lána sem fallið geta undir ákvæðið þannig að reynt verði að útiloka þau lán sem ekki tengjast húsnæðis kaupum, t.d. þau lán sem hafa verið tekin í tengslum við atvinnurekstur. Lagt er því til að lán sem voru upphaflega umfram 40 milljónir íslenskra króna, þ.e. á lántökudegi, séu undanskilin ákvæðinu nema sýnt verði sérstaklega fram á að hlutaðeigandi lán hafi verið tekið vegna húsnæðis kaupum til eigin nota lántaka.

SFF gera einnig athugasemd við síðasta málslið ákvæðisins þar sem segir að ákvæðið taki jafnframt til lánssamninga og eignaleigusamninga vegna kaupa á bifreið til einkanota. Hugtakið „eignaleigusamningur“ tekur til samninga um leigu en ekki lán. Verður því ekki talið að nýgengnir dómur um tiltekna tegund kaupleigusamninga taki fortakslaust til allra eignaleigusamninga svo sem samninga um rekstrarleigu. Eðlilegt er að dómstólar skeri úr um það álitaefni. Nú þegar hafa nokkur slík mál verið höfðuð hjá dómstólum og bíða þar úrlausnar. SFF telja óeðlilegt að löggjafinn kveði með afturvirkum hætt á um að slíkir samningar, með lögumæt gengistryggingarákvæði, skuli endurreiknaðir. Þá er bent á að reglur um virðisaukaskatt á rekstrarleigu eru aðrar en í hefðbundnum bílasamningum og getur endurreikningur slíkra samninga leitt til verulegs óhagræðis og verri niðurstöðu fyrir viðskiptavinum, m.a. vegna flókinna leiðréttinga á virðisauka- og tekjuskattsskilum allt að 6 ár aftur í tímann. Því er lagt til að orðin „og eignaleigusamninga“ falli brott. Þá er bent á að hugsanlega þarf að skerpa á skilgreiningu laganna um bifreið vegna einkanota. Fyrirsjáanlegt er að takmarkatilvik komi upp vegna leigubíla o.þ.h. sem jafnframt eru notaðir til einkanota.

Bráðabirgðaákvæði b. (XI): Í ákvæðinu segir að eigi síður en 60 dögum eftir gildistöku laga þessara skuli senda skuldara útreikning á nýjum höfuðstól og/eða endurgreiðslu ofgreidds fjár sem af uppgjörinu leiðir. Hér er teft á tæpasta það hvað varðar tíma fjármálafyrirtækja til að vinna endurútreikning og uppgjör með vönduðum hætti. Óraunhæfir tímafrestir eru til þess fallnir að valda mistökum. Áætlanir einstakra fjármálafyrirtækja gera ráð fyrir að útreikningi lána þar sem skuldaraskipti hafa ekki átt sér stað verði lokið 15. febrúar 2011. Þau tilvik eru einföldust í framkvæmd og þarf að gefa fyrirtækjunum enn rýmri tíma til að ljúka uppgjöri vegna lána þar sem skuldaraskipti hafa átt sér stað. *Lagt er til að ákvæðið mæli fyrir um að útreikningur skuli sendur skuldara eigi síðar en 90 dögum eftir gildistöku laganna.*

Ljóst er að útreikningur og uppgjör geta ekki farið fram á sama tíma og nokkuð rúman frest þarf til uppgjors þar sem fjármálafyrirtækjum ber að senda tilkynningar til ábyrgðarmanna eins og mælt er fyrir um í ákvæðinu. Er því *lagt til að tímamörk uppgjors samkvæmt bráðabirgðaákvæði a (X) verði 30 dögum eftir að útreikningi skal vera lokið.*

Bráðabirgðaákvæði c. (XII): Ákvæðið heimilar fjármálafyrirtæki og skuldara að ganga til samninga um að lánið verði í erlendum myntum eins og um gilt erlent lán hafi verið ræða frá stofntíma kröfunnar. Ósamræmis gætir í texta ákvæðisins og athugasemdum en þær má skilja þannig að skuldari hafi einn val um hvort að hann vilji halda láni áfram í erlendum myntum. Það þarf að vera alveg skýrt af hálfu löggjafans að ákvæðið heimili aðilum að semja um að lánið verði í erlendum myntum en það feli ekki í sér skyldu til slíkrar samningsgerðar. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að ef um tvo eða fleiri skuldara er að ræða, sbr. 8. mgr. 2. gr. frumvarpsins, getur sú staða komið upp að það henti einum skuldara best að halda sínum láns hluta í erlendum myntum en öðrum skuldara komi best að færa lán yfir í íslenskar krónur. Fjármálafyrirtæki geta ekki orðið við óskum hvers og eins skuldara hvað þetta varðar.

Þá er lagt er til að *tekið verði fram í ákvæðinu að réttur skuldara til uppgjors samkvæmt endurútreikningi falli niður ef samningar nást um að halda áfram með erlent lán.* Þetta kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu en er ekki í frumvarpstextanum.

Í samræmi við tillögu um lengingu á tímafresti til uppgjors í 90 daga *er lagt til að tímafrestur til leiðréttingar greiðslna og höfuðstóls verði lengdur í 120 daga frá gildistöku laganna.*

Bráðabirgðaákvæði d. (XIII): Ákvæðið hefur að geyma opna heimild til endurupptöku mála án þess að ferill máls eða málsmeðferðarreglur séu útfærðar. SFF taka undir með frumvarphöfundum að nauðsynlegt kann að vera að gera sérstaklega upp einstök mál vegna dóma og úrskurða sem gengið hafa á grundvelli ógildanlegra samninga en SFF leggja áherslu á að forsenda fyrir því þarf alltaf að vera málefnaleg, þ.e. að líkur þurfa að vera fyrir því að lántaki hafi orðið fyrir tjóni. Mikilvægt er að koma í veg fyrir óþarfar málssóknir þannig að álag á dómskerfi og kostnaður verði ekki meiri en nauðsynlegt er. Verði ákvæðið lögfest óbreytt má t.d. sjá fyrir sér að einstaklingur sem var úrskurðaður gjaldþrota árið 2005 geti krafist endurupptöku máls en erfitt er að sjá fyrir sér að slík endurupptaka geti verið byggð á málefnalegum sjónarmiðum sem tengjast efnahagshruninu haustið 2008. SFF telja að *réttindi lántaka vegna gjaldþrots séu tryggð að með 3. mgr. 66. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, 86. – 88. gr. laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991 og almennum skaðabótareglum og leggja því til að bráðabirgðaákvæði XIII. verði fellt brott.* Eðlilegt gæti verið að lengja tímabundið tímafresti samkvæmt framangreindum lögum en mikilvægt er að nýta málsmeðferðarreglur samkvæmt þeim lögum sem nú þegar eru fyrir hendi.

Ef ákvæðið verður lögfest er eðlilegt að þrengja heimild til endurupptöku máls þannig að skuldari sem vill taka mál upp að nýju sýni fram á lögvarða hagsmuni sína af endurupptökunni og sýni einnig fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni af fullnustugerð eða gjaldþrotaskiptum en að öðrum kosti skuli vísa máli frá dómi. Þá er æskilegt inn í lögin komi ákvæði sem tiltekur að við ákveðin skilyrði eigi riftun samnings rétt á sér og þeir samningar verði ekki uppreiknaðir nema þess sé sérstaklega óskað af t.d. bústjóra. Væri t.d. hægt að mæla fyrir um að verði sýnt fram á með stöðu á biðreikningi að viðkomandi hafi verið í skuld á riftunardegi þá sé riftun samnings lögmæt og sá kostnaður sem riftun hefur fylgt einnig. Ef hins vegar ekki er til staðar skuld á biðreikningi þá beri að fara með málið eins og hvern annan endurútreikning.

Bráðabirgðaákvæði f. (XV): Ákvæði þetta, sem fjallar um uppgjör eftirstöðva láns eftir að lánveitandi leysir til sín eign, virðist vera í ósamræmi við efni frumvarpsins að öðru leyti. Í ákvæðinu eru settar fram reglur um verðmat eignar, sölu eignar og uppgjör skuldar. Ósamræmi er í orðalagi 1. mgr. sem talar um „veðsetta eign“ og „eign samkvæmt kaupleigusamningi“ og orðalagi í a. lið sem fjallar eingöngu um „bifreið“. Þá er líka ósamræmi í orðalagi ákvæðisins og greinargerðar þar sem talað er um „láns- eða kaupleigusamninga“. Það er því ekki ljóst til hvaða samninga ákvæðinu er ætlað að taka til og hvort eingöngu er átt við samninga vegna bifreiðar eða hvort því sé einnig ætlað að taka til samninga vegna íbúðarhúsnæðis.

Í a. lið er kveðið á um að seljist bifreið ekki innan sex mánaða frá útreikningi skuli miðað við matsverð bifreiðar við uppgjör. Líklegt er að þetta ákvæði geti komið skuldurum illa þar sem að líkur eru á tregða í sölu bifreiðar muni leiða til þess að verð hennar lækki til að sala nái örugglega fram að ganga innan sex mánaða. Í c. lið er mælt fyrir um að lánveitandi geti ekki leitað fullnustu vegna skuldbindingar í íbúðarhúsnæði skuldara. Ekki er ljóst hvort ákvæðinu er eingöngu ætlað að ná til bílalána en SFF telja það orka mjög tvímælis að undanskilja ákveðnar eignir skuldara frá fullnustuaðgerðum.

Ákvæðið byggir á svipuðum sjónarmiðum og greiðsluáðlögun að því frátöldu að horft er fram hjá greiðslugetu skuldara en samkvæmt b. lið hann skal eiga rétt á að greiða helming á 3 árum gegn því að eftirstöðvar falli niður. Líklegt er að þetta atriði brjóti gegn ákvæði stjórnarskrár um vernd eignaréttinda. Þá virðist ákvæðinu ofaukið í ljósi gildandi úrræða sem lög um greiðsluáðlögun mæla fyrir um. Samkvæmt framansögðu er *lagt til að bráðabirgðaákvæði XV. falli brott í heild sinni.*

Um 5. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að sett verði upp sérstök úrskurðarnefnd sem byggist á samkomulagi um úrvinnslu skuldamála fyrirtækja eins og segir í athugasemdum við ákvæðið. Þar er einnig tekið fram að aðilar að því samkomulagi eru bankar og sparisjóðir (sem eru aðilar að SFF), Samtök atvinnulífsins og ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í viðræðum sem farið hafa fram um framangreint samkomulag hefur komið skýrt fram að úrskurðarnefnd þessari sé ætlað það hlutverk að úrskurða um ágreining milli kröfuhafa við úrlausn á skuldavanda fyrirtækja en henni er ekki ætlað að úrskurða um ágreining sem upp kemur milli kröfuhafa annars vegar og fyrirtækis sem er í skuldaaðlögun hins vegar. Áætlað er að þúsundir fyrirtækja muni fá tilboð um niðurfærslu skulda á grundvelli samkomulagsins og verður niðurfærsla skulda byggð á samningum sem verða gerðir á grundvelli samkomulagsins. Samkvæmt framansögðu er lagt til að 1. málsliður 1. mgr. orðist svo: „Komi til ágreinings milli kröfuhafa um niðurfærslu skulda.....“.

Þá er lagt til að í 2. mgr. verði kveðið á um það að *nefndarmenn verði fjórir í stað þriggja og SFF skipi fjórða manninn*. Er það gert til að tryggja að sérfræðipekking á lánamálum verði til staðar í nefndinni. Einnig er lagt til að kveðið verði á um það að *ef atkvæði falli jöfn við úrslausn mála þá ráði atkvæði formanns úrslitum*.

Loks er bent á orðalag í 5. mgr. þar sem segir: "...skal sá aðili sem heldur fram málstað og tapar að jafnaði að greiða málskostnað." *Hér er orðinu „að“ ofaukið*.

Um 6. gr.

Óljóst er af ákvæðinu sem og bráðabirgðaákvæði b (XI) hvort eftirlit umboðsmanns skuldara með útreikningi eigi að felast í eftirliti með þeim aðferðum sem fjármálafyrirtæki beita við útreikning lánanna eða hvort umboðsmanni skuldara sé ætlað að fylgjast með útreikningi hvers láns fyrir sig. Hið síðara getur leitt til þess að endurútreikningur tefjist töluvert þannig að fyrrnefndir frestir til endurútreiknings og uppgjørs duga ekki til þegar um er að ræða lán með ábyrgðarmönnum. *Telja SFF því rétt að kveðið sé skýrt á um að umboðsmanni skuldara sé ætlað að hafa eftirlit með ferli og framkvæmd endurútreiknings í heild sinni en ekki með einstökum málum*.


Önnur atriði

Kröfuhafaskipti:

Í frumvarpinu eru ákvæði sem taka á því þegar um fleiri en einn skuldara er að ræða, svo sem 8. mgr. 2. gr., þar sem segir að þegar um skuldaraskipti hafi orðið að láni þar sem um ólögmeta vexti og/eða verðtryggingu er að ræða, skuli hver skuldara eiga sjálfstæðan rétt gagnvart kröfuhafa til leiðréttingar á greiðslum. Fram kemur að réttindi og skyldur hvers og eins aðila skuli miðast við þann tíma sem viðkomandi var skuldari lánssamningsins. Ekki er með svipuðum hætti tekið á sambærilegri aðstöðu þegar kröfuhafaskipti hafa orðið að láni. T.d. er ekki í frumvarpinu fjallað um endurkröfurétt núverandi kröfuhafa á hendur fyrri kröfuhöfum. SFF telja rétt að löggjafinn taki til skoðunar hvort ástæða sé til að lögfesta reglur um þetta atriði.

Stimpilgjöld: Vakin er athygli á því að verði frumvarpið að lögum munu þau hafa þau áhrif að nauðsynlegt verður að útbúa ný láns skjöl eða eftir atvikum skjöl um skilmálabreytingar lána. Mikilvægt er að þinglýsing slíkra skjala leiði ekki til greiðslu stimpilgjalda og þinglýsingargjalda er því *nauðsynlegt að löggjafinn tryggji að viðeigandi bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald verði framlengd en þau renna út í lok árs 2010*.

Virðingarfyllt,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.